



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

579. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 3. júní 2024
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Regína Ásvaldsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Loftslagsstefna - innleiðing - Sóknaráætlun 2023 - 2303003

Hinn 11. ágúst 2023 undirrituðu borgarstjóri og bæjarstjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undir loftlagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar undirritunarinnar gerði SSH samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í þeim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmis við verkfærakistu loftslagsstefnunnar. Þá yrði einnig unnið nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda. SSH gerði samning við VSÓ ráðgjöf til að sinna ofangreindum verkþáttum.

Fyrirnefndum verkefnum er nú lokið og eru fyrirbyggjandi skýrslan Útreikningur á losun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2022 dags. maí 2024. Þá er einnig fyrirbyggjandi skýrslan Innleiðing á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins dags. maí 2024. Herdís Sigurgrímsdóttir og Bryndís Skúladóttir kynna.

Lagt er til að skýrslunum verði vísað til sveitarfélaganna til kynningar.

Gestir

Herdís Sigurgrímsdóttir ráðgjafi VSÓ

Bryndís Skúladóttir ráðgjafi VSÓ

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirbyggjandi skýrslur til kynningar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði þær kynntar á sérstökum kynningarfundum (örfundi) fyrir kjörna fulltrúa og með sérstöku erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Lagt fram til kynningar

2. Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Framhald umræðu um stöðu viðræðna og næstu skref.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Umræður

3. Samhæfð svæðisskipan í málefnum barna - 2403007

Framangreint var til umræðu á 578. fundi stjórnar SSH og var framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu áfram. Um er að ræða annars vegar mögulega gerð samnings milli sveitarfélaganna um svæðisbundið farsældarráð. Hins vegar gerð viðaukasamnings við sóknaráætlun við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna fjármögnunar innleiðingar á verkefninu.

Fyrirliggjandi er minnisblað dags. 31. maí 2024 þar sem kemur fram nánari greining málsins. Framkvæmdastjóri og Berglind Snorradóttir kynna. Umræður.

Gestir

Berglind Snorradóttir starfsmaður SSH

Niðurstaða:

Málið verði kynnt fyrir samráðshópi á sviði velferðarmála og skólamálanefnd SSH og leitað eftir afstöðu þeirra.

Lagt fram til kynningar

4. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Ársfundur Fjölsmiðjunnar fór fram 31. maí sl. SSH tilnefna einn aðalmann og einn til vara í stjórn Fjölsmiðjunnar.

Að höfðu samráði við stjórn með tölvupóstum var tilkynnt um óbreytta tilnefningu af hálfu SSH og Sigurbjörg Fjölisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs Mosfellsbæjar tilnefnd sem aðalmaður og Elín Oddný Sigurðardóttir sem varamaður.

Óskað er eftir formlegri staðfestingu stjórnar á tilnefningunum.

Niðurstaða:

Staðfest.

5. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til staðfestingar er umsögn SSH við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál sem send var nefndasviði Alþingis hinn 8. maí 2024 að höfðu samráði við stjórn SSH með tölvupóstum.

Niðurstaða:

Staðfest.

6. Höfuðborgargirðing - 1508001

Í kjölfar verðfyrirspurnar vegna viðhalds og eftirlits með höfuðborgargirðingunni var hinn 17. maí sl. gerður samningur við Ártúnabúið ehf. Var samningurinn



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

kynntur stjórn milli funda og er nú lagður fram til staðfestingar.

Niðurstaða:

Staðfest.

7. Útivistarvefur hbsv. -Sóknaráætlun 2023 - 2303007

Til samræmis við ákvörðun 578. fundar stjórnar SSH var gengið til samninga við Um að gera ehf. um hönnun, smíði og uppsetningu á Útivistarvef höfuðborgarsvæðisins hinn 8. maí sl. Samhliða var undirritað samkomulag við Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins um rekstur vefsins og áframhaldandi þróun hans innan markaðsstofunnar. Þá var gerður viðaukasamningur við Sjá ehf. vegna áframhaldandi ráðgjafar við uppbyggingu verksins.

Framangreindir samningar eru lagðir fram til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Vatnsvernd - Rennslislíkan höfuðborgarsvæðisins - viðaukasamningur við Vatnaskil - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að viðaukasamningi við Vatnaskil vegna verkefna sem varða uppfærslu rennslislíkans höfuðborgarsvæðisins á árinu 2024. Stefnt er að undirritun á næstu dögum.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu - fundargerð - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 45. fundar samráðshóps um vatnsvernd dags. 30. maí 2024.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Önnur mál - 2110011

Umræður um fyrirhugaðan fund Stefnuráðs byggðasamlaganna sem haldinn verður 7. júní nk.

Niðurstaða:

Umræður

Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar yfirgefa fundinn.

11. PANT akstursþjónusta - 2405005

Fyrirliggjandi er erindi stjórnar akstursþjónustunnar Pant þar sem óskað er heimildar til að hefja útboð á rammasamningi vegna kaupa á akstri leigubifreiða en þjónusta Pant er innt af hendi annars vegar með sérhæfðum bifreiðum frá



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Hópbílum og hins vegar með leigubifreiðum, en samningur um þann akstur rennur út í desember nk.

Gestir

Sturla Halldórsson deildarstjóri Pant akstursþjónustu

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað og stjórn Pant falið að vinna áfram að frekari greiningu kostnaðar og undirbúningi útboðs en gögn þess verði lögð fyrir að nýju áður en útboð hefst.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.